

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 22. mars 2011


Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um menntun og atvinnusköpun ungs fólks.

Bandalag háskólamanna fagnar framlagðri þingsályktunartillögu sem er í samræmi við stefnu bandalagsins um bætt og aukið menntastig í landinu.

BHM vill þó benda á að betur færi á að horft væri til mun lengri tíma en næstu tveggja ára í þeirri aðgerðaráætlun sem lagt er til að mótuð verði. Þörfum atvinnulífsins um fjölgun starfsfólks með tæknimenntun á háskólastigi eða með iðn- og starfsmenntun verður ekki mætt með tveggja ára átaki. Eigi að auka við mannafla með raungreinamenntun þarf að hefjast handa þegar í grunnskóla.

Þó að mikilvægt sé að bregðast við atvinnuleysi meðal ungs fólks nú þegar og auka menntunarstig þess, mun tveggja ára átak ekki skila út í atvinnulífið einstaklingum með þá menntun sem t.d. hugverkaiðnaðurinn þarfnast.

Virðingarfyllst,
f.h. BHM



Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri.